

BÓKUN 40
UM SVALBARÐA

1. Við fullgildingu EES-samningsins hefur Konungsríkið Noregur rétt til að undanskilja Svalbarða þegar samningnum er beitt.
2. Ef Konungsríkið Noregur nýtir sér þennan rétt gilda fyrirleggjandi samningar áfram um Svalbarða, þ.e. samningurinn um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu, fríverslunarsamningurinn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs og fríverslunarsamningurinn milli aðildarríkja Kola- og stálbandalags Evrópu og Kola- og stálbandalags Evrópu annars vegar og Konungsríkisins Noregs hins vegar.